

Gangstéttir – Flateyri

Á ýmsum stöðum í Ísafjarðarbæ vantar gangstéttir eða þörf er á verulegri lagfæringu. Áætlað er að kostnaður á hvern meter sé um 60.000 kr.

Forgangur 1 inniheldur staði þar sem engar gangstéttir eru á fjölförnum stöðum eða íbúðarhverfi m.t.t. til nýbygginga.

Forgangur 2 inniheldur ónýtar gangstéttir á fjölförnum stöðum.

Forgangur 3 inniheldur ónýtar gangstéttir í íbúðarhvefum.

Forgangur 1 – Engar gangstéttir

Melagata

Aðeins eru malarvegir við Melagötu. Ef gangstétt yrði lögð við eða á malarveginn yrði hún um 290 m.



Gulu línurnar tákna gangstétt.



Deiliskipulag gistihúsa austan Hafnarstrætis.

Brimnesvegur

Í deiliskipulagi Flateyrar kemur fram að gert sé ráð fyrir göngu- og hjólastíg meðfram sjónum sem liggur frá athafnasvæðinu sunnan Túngötu norður með fyrirhugaðri byggð. Ekki er mjög skýrt hvar þessi stígur ætti að byrja og enda. Frá Túngötu að Tjarnargötu yrði hann um 525 m. og frá Túngötu að Góðatúni yrði hann um 730 m. Mögulegt væri að hafa hann lengri í báða enda.

Forgangur 2 – Ónýtar gangstéttir á fjölförnum stöðum

Hafnarstræti

Gangstéttin í Hafnarstræti er illa farin að hluta til. Illa farna svæðið nær frá Hafnarstræti 9-14 og er um 200 m. ef teknir eru með kaflarnir sem fara örlítið inn í Öldugötu og Ránargötu.

Forgangur 3 – Ónýtar gangstéttir í íbúðarhverfum

Gangstéttir í íbúðarhverfum á Flateyri virka í flottu ástandi.